



Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna

2. tbl. 16. árgangur 2017



Pinex[®] Smelt

munndreifitöflur fyrir börn 4 ára og eldri



Börn fá auðveldlega hita og geta fengið háan hita án þess að finna sérstaklega mikið fyrir því. Sem betur fer standa slík veikindi oftast stutt og ganga oft yfir án þess að gripið sé til lyfjagjafa. En ef gefa þarf barninu hitalækkandi eða verkjastillandi lyf þá er gott að hafa eftirfarandi í huga.


Hentugt lyfjaform

Fyrir börn 4 ára og eldri eða 17 kg og þyngri þá eru Pinex Smelt munndreifitöflur hentugt lyfjaform. Pinex Smelt leysist hratt upp á tungunni og hentar vel börnum sem eiga erfitt með að kyngja eða gleypa töflur. Pinex Smelt er hitalækkandi og hentar vel við vægum til miðlungi miklum verkjum og/eða hita. Töflurnar skal setja í munninn þar sem þær bráðna á tungunni. Taflan dreifist hratt í munninum þannig að auðvelt er að taka hana inn. Til að auðvelda inntöku má kyngja töflunni með glasi af vatni eða, sérstaklega hjá yngri börnum, dreifa henni í matskeið eða teskeið af vatni.

Pinex Smelt munndreifitöflurnar eru með góðu jarðarberjabragði.

Leiðbeiningar um notkun

1. Flettið þynnunni af til að opna. **Ekki þrýsta töflunni í gegnum þynnuna.**
2. Setjið töfluna á tunguna, þar sem hún mun leysast upp og er síðan kyngt með munnvatninu. Þú þarft ekki að fá þér vatnssopa.
3. Að öðrum kosti má kyngja töflunni með glasi af vatni eða, einkum hjá yngri börnum, dreifa henni í fulla matskeið eða teskeið af vatni.







Regluleg gjöf lágmarkar sveiflur í verkjum og hita. Gjöf hjá börnum skal vera regluleg, einnig að nóttu, helst á 6 klst. fresti annars með minnst 4 klst. millibili. Skömmtun hjá börnum skal miða við líkamspýngd. Upplýsingar um aldur barna innan hvers þyngdarflokks eru aðeins leiðbeinandi. Ekki nota stærri skammt en tilgreindur er.

Þyngd (aldur til viðmiðunar)

Stakur skammtur

Hversu oft á sólarhring

Hámark taflna á sólarhring

17–25 kg (um 4–8 ára)*	1 tafla (250 mg)		á 4 klst. fresti eftir þörfum	4 töflur (1 g) á dag
25–33 kg (um 8–11 ára)	1 tafla (250 mg) / 2 töflur (500 mg)**		á 4 klst. fresti eftir þörfum / 6 klst. fresti eftir þörfum**	6 töflur (1,5 g) á dag
33–43 kg (um 11–12 ára)	2 töflur (500 mg)		á 6 klst. fresti eftir þörfum	8 töflur (2 g) á dag
43–50 kg (um 12–15 ára)	2 töflur (500 mg)		á 4 klst. fresti eftir þörfum	12 töflur (3 g) á dag
Þyngri en 50 kg*** (fullorðnir)	2–4 töflur (500 mg til 1g)		á 4 klst. fresti eftir þörfum	12 töflur (3 g á dag)

* Töflunum ætti að dreifa í skeið af vatni fyrir inntöku hjá börnum 6 ára og yngri.

** Ráðlagður skammtur er 1 tafla (250 mg) á 4 klst. frest eða 2 töflur (500 mg) á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur (1,5 g) á dag.

*** Stakur skammtur er að hámarki 1.000 mg, ath að önnur lyfjaform gætu verið hentugri fyrir unglunga og fullorðna.

Pinex Smelt munndreifitöflur eru ekki ráðlagðar fyrir börn undir 17 kg/4 ára.

Hver munndreifitafla inniheldur 250 mg af paracetamoli.

Pakkningastærðir: 20 stk. munndreifitöflur í þynnupakkningu.

Pinex Smelt munndreifitöflur innihalda 250 mg af paracetamoli. Pinex Smelt er hitalækkandi og verkjastillandi, ætlað við vægum til miðlungi miklum verkjum og/eða hita. Töflurnar skal setja í munninn þar sem þær bráðna á tungunni. Lyfjaformið er ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 4 ára (17 kg). Skömmtun hjá börnum skal miða við líkamspýngd. Hafðu samband við lækni ef hár hiti eða einkenni sýkingar vara í meira en 3 daga eða verkir í meira en 5 daga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

EFNISYFIRLIT

- 3 EFNISYFIRLIT OG FRÉTTIR
- 4 GOTT MÁLEFNI ÞARFNAST FJÁRMAGNS
- 5 PISTILL FORMANNS
- 6 SUMRI FAGNAÐ / SPILAKVÖLD
- 7 NORRÆNA SAMSTARFIÐ GENGUR VEL
- 8 STYRKIR
- 10 ÞÁTTTÖKUMET ENN OG AFTUR
- 11 BJÖRGVIN UNNAR, FYRSTU 22 MÁNUÐURNIR
- 12 BJARTAR VONIR
- 16 PRJÓNAÐ MEÐ HJARTANU
- 18 NEISTAHÚFAN, PRJÓNAUPPSKRIFT
- 20 VINIR FYRIR LÍFSTÍÐ!
- 22 FJÖR Á FJÓRHJÓLUM
- 22 STJÓRN NEISTANS 2017-2018

ÚTGEFANDI: Neistinn - Styrktarfélag hjartveikra barna

RITSTJÓRI: Páll Kristinn Pálsson

netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com

ÁBYRGÐARMAÐUR: Fríða Björk Arnardóttir

HÖNNUN OG UMBROT: Sólveig Rolfsdóttir / solla.net

PRENTUN: Prentmet

HEIMILISFANG: Síðumúla 6, 108 Reykjavík

GSM: 899 1823

NETFANG: neistinn.is

VEFFANG: neistinn@neistinn.is

FRÆÐLSUVEFUR NEISTANS: hjartagattin.neistinn.is



FORSÍÐUMYND: Arna Dröfn Davíðsdóttir

LJÓSMYNDATAKA: Magnús Ásmundsson

Jólaball Neistans



Hið eldfjöruga jólaball Neistans verður að þessu sinni haldið **sunnudaginn 10. desember** frá 14.00 – 16.00 í Safnaðarheimili Grensáskirkju. Um ballið hefur myndast sterk hefð sem verður að sjálfsgöðu í heiðri höfð með góðum veitingum, söng og dansi í kringum jólatréð og næsta vísit að jólasveinar mæti með eitthvað gott í poka.

Jólakort Neistans

Jólakortasala er ein af megin fjáröflunarleiðum Neistans og rennur allur ágóði beint í Styrktarsjóð hjartveikra barna sem styrkir fjölskyldur sem þurfa að fara með börn sín í hjartaaðgerðir. Kortin eru seld til fyrirtækja í stykkjatali á 100 kr./stk. Einnig er hægt að fá 10 stk. saman í pakka á 1.000 kr./pk. með texta. Hægt er að panta kortin hjá Neistanum í síma 899 1823 og með tölvupósti hjá neistinn@neistinn.is



Jólakortin skarta myndum eftir hjartabarn og hjartasystkini, Hlýju jólanna og Galdur engilsins.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum.

Reikningsnúmerið er 0101-26-777147 og kennitala Neistans 490695-2309.

JÓLAGJÖFIN FYRIR ÞÁ SEM EIGA ALLT!

Já, hver kannast ekki við hve erfitt er að velja fallega jólagjöf fyrir þá sem eiga allt? Það svar sem nýtur vaxandi vinsælda eru sérstök gjafakort sem hægt að nálgast hjá góðgerðar- og líknarfélögum þar sem fram kemur að handhafi kortsins hafi látið ákveðna fjárupphæð (að vali þess sem gefur kortið) af hendi rakna til styrktar viðkomandi félagi. Þeim sem vilja gefa slíka gjöf gefst nú tækifæri til að velja Gjafakort Neistans með því að hafa samband við Fríðu Björk Arnardóttur framkvæmdastjóra Neistans í síma 899-1823 eða með tölvupósti á neistinn@neistinn.is



DAGATAL 2018

Dagatal Neistans er nú fáanlegt. Er það sjöunda árið í röð sem það kemur út, enda orðið að föstum lið á fjölmörgum heimilum. Eins og áður eru allar myndirnar á dagatalinu af hjartabörnum á aldrinum 0-18 ára. Þær eru að þessu sinni teknar af Magnúsi Ásmundssyni hjá Reykjavikphoto.com sem gefur alla vinnu sína til málstaðar okkar og fær einlægar hjartans þakkir fyrir. Dagatalið er hægt að kaupa á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 899-1823. Einnig er hægt að panta það á heimasíðu okkar neistinn.is



MINNINGARKORT

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 899-1823 eða á heimasíðu okkar neistinn.is





STYRKIR TIL NEISTANS

Styrkir, stórir og smáir, er það sem heldur félaginu okkar gangandi. Í þessum pistli langar mig að segja ykkur aðeins frá þeim. Við fáum styrki frá einstaklingum, hópum og fyrirtækjum. Allt frá því að fermingarbörn gefi fermingarpénigana sína upp í safnanir sem skila á endanum sögulega hárru upphæð til styrktar góðu málefni.



Á afmælisdaginn okkar 9. maí fengum við afhentan styrk frá Lionsklúbbnum Fjölni. Þeir stóðu fyrir sölu á DVD-diski um ferðalag Keisaramörgæsanna og skilaði sú sala okkur 10 milljónum. Í hvert skipti sem farið er í verkefni eins og þessi er alltaf vonast eftir góðum árangri en þessi árangur fór fram úr björtustu vonum.

Slökkviliðsmenn höfuðborgarsvæðisins voru duglegir í sumar. Þar tók starfsfólk sig saman og fór hringinn í kringum landið í WOW cyclothon í nafni Neistans. Þau fylgdu því

svo eftir og hlupu í Reykjavíkumaraþoninu í bolum frá Neistanum. Þá tóku nokkrir slökkviliðsmenn sig til ásamt Crossfit Reykjavík og fóru 100 kílómetra hver í róðravél. Ágóðinn af þessu voru rúmlega 500 þúsund krónur.

Fleiri fóru í Reykjavíkumaraþonið fyrir Neistann. Steindi Jr. fór hálf tónn og fékk hann nokkra hlaupafélaga úr Slökkviliðinu. Hann kláraði hlaupið þrátt fyrir háværar raddir um að hann væri kannski að taka að sér of stórt verkefni og skilaði rúmlega 600 þúsundum til Neistans.

Þetta er partur af þeim styrkjum sem við höfum verið svo lánsöm að fá til okkar á undanförunum mánuðum. Því miður get ég ekki talið alla styrki upp hér en til ykkar sem hafið styrkt okkur segi ég: Hjartans þakkir!

ÚR STYRKJUM Í STYRK

Nú stendur einstaklingum til boða að gerast styrktaraðilar hjá Neistanum. Við höfum þá vinnu fyrir rúmu ári að safna aðilum sem styrkja okkur mánaðarlega með upphæð sem hver velur. Þetta hefur gengið vel og í dag eru styrktaraðilar Neistans orðnir rúmlega 700. Fyrir félag sem gengur að mestu á styrkjum þá er mikilvægt að þessi vinna gangi vel. Á ári hverju þá fjölga hjartabörnunum sem þurfa á stuðningi að halda frá okkur. Styrkir sem koma í félagið aðstoða fjölskyldur fjárhagslega þegar börn þurfa að fara erlendis í aðgerðir. Einnig eru styrkirnir notaðir til að senda unglinga í Norrænar sumarþúðir ár hvert og síðast en ekki síst þá eru styrkirnir líka notaðir fyrir viðburði, bæði fyrir börnin, systkini þeirra og foreldra.

Viðburðir síðan í vor hafa verið fjölbreyttir og skemmtilegir. Þar má nefna Sumarhátíðina okkar sem við höldum í júní í Björnslandi. Tíu unglingar fóru í sumarþúðir til Noregs í ár og í október var svo unglingahittingur og fóru þau í fjórhjólafærð. Við vorum með fyrirlestur í maí og höldum svo skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins í september. Síðasti viðburður fyrir prentun var fræga spilakvöldið okkar sem við höldum fyrir foreldra hjartabarna og hjartabörn yfir 18 ára. Þann 10. desember verður svo árlega jólaballið okkar haldið í Grensáskirkju og hlökkum við til að sjá sem flesta þar.

Að endingu vil ég hvetja alla sem hafa áhuga á að gerast styrktaraðilar að fara inn á heimasíðuna okkar og skrá sig.

Með hjartans kveðju,

Elín Eiríksdóttir
Formaður Neistans

SUMRI FAGNAÐ Í BJÖRNSLUNDI

Sumarhátíð Neistans var með örlítið breyttu sniði þetta árið. Stjórnin ákvað að prófa núna að halda hátíðina í júní en ekki júlí og tókum við sunnudaginn 24. júní frá til að fagna sumrinu saman í Björnslandi. Það heppnaðist prýðisvel og komu alls um 60 manns að fagna sumrinu með okkur í blíðskaparveðri. Hoppukastalar voru á svæðinu þar sem formaðurinn og varaformaðurinn tókust á í hoppukastalaboxi, blaðrarinn mætti til að gleðja börnin og að sjálfsögðu voru grilluðu pylsurnar á sínum stað. Að lokum fengu allir ís frá Ísbílnum. Sannarlega velheppnuð sumarhátíð og þökkum við öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn: Nettó í Keflavík, Ísbílnum, Sprell.is og Blaðaranum.



SPRELLFJÖRUGT SPILAKVÖLD

Samantekt: Friða Björk Arnardóttir

Spilakvöld Neistans var haldið þann 3. nóvember síðastliðinn. Við höfum gert þetta að árlegum viðburði, þar sem foreldrar og GUCH-liðar hittast og spila saman félagsvist. Þetta er góður ísbrjótur og kjörið tækifæri fyrir okkur að kynnst hvert öðru. Mæting var þetta árið, og lengi má bæta skemmtilegu fólki við þennan frábæra hóp á næstu árum.

Veitt voru glæsileg verðlaun fyrir efsta sæti karla og kvenna, auk þess sem allir fengu veglegan vinning. Efsta sæti karla hlaut Gunnar Geir Gunnarsson og efsta sæti kvenna hlaut Hjördís Gísladóttir. Við óskum þeim til hamingju og biðjum þau vel að njóta.

Fyrir hönd stjórnar Neistans vil ég þakka kærlega fyrir frábæra samverustund með ykkur öllum, og senda hjartans kveðjur til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg og gáfu flotta og rausnarlega vinninga í vinningasafnið okkar.



NORRÆNA SAMSTARFIÐ GENGUR VEL

Samantekt: Fríða Björk Arnardóttir

Hinn árlegi Norðurlandafundur barnahjartasamtaka var haldinn 13.-15. október síðastliðinn í Helsinki í Finnlandi. Tveir til fjórir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sækja fundinn og mættu fulltrúar frá Finnlandi, Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn Elín Eiríksdóttir, formaður Neistans, Fríða Björk Arnardóttir, framkvæmdastjóri Neistans og Guðrún Bergmann Franzdóttir, fararstjóri unglingsfélagsins.

MIKILVÆGT STARF

Fundurinn hófst með kynningu á öllum þátttakendum fundarins, þar sem þeir kynntu sig og sögðu stuttlega frá því sem er að gerast í sínu landi, hver þeirra staða er innan hjartasamtakanna og hversu lengi þau hefðu starfað innan þeirra. Almenn ánægja er með norðurlandasamstarfið og mikilvægt er að hafa þennan vettvang til að allir geti lært af öðrum og deilt reynslu sinni.

Tveir fyrirlesarar voru með erindi á fundinum. Dr. Tommi Pätilä, barnahjartaskurðlæknir var með fyrirlestur um hjartalokur og Dr. Taisto Sarkola barnahjartalæknir um meðfædda hjartagalla og greiningu þeirra á meðgöngu.



Dr. Taisto Sarkola barnahjartalæknir.



Jói, Elín, Fríða, Guðrún og Katja Laine.

NORRÆNU SUMARBÚÐIRNAR

Mikil umræða fór fram um tilgang norrænu sumarbuðanna, algengar reglur og hlutverk fararstjóra þeirra. Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um allar reglur og hlutverk sín í sumarbuðunum. Sérstaklega gestgjafar sumarbuðanna. Allir eru sammála um mikilvægi sumarbuðanna og hversu mikið þetta gefur og hjálpar unglungunum sem þær sækja.

Torunn Fjær-Haugvik frá Noregi gaf skýrslu um norrænu sumarbuðirnar sem fóru fram í ár, en þær voru vikuna 20.-27. júlí síðastliðinn. Kynntir voru reikningar og fjárhagsleg útkoma þeirra og sagt var frá gangi mála. Auk þess kynnti hún niðurstöður úr mati þátttakenda. Mikil ánægja var með dagskrána sem var fjölbreytt og lífleg og vel að öllu staðið. Þá fengum við kynningu á sumarbuðum næsta árs en þær verða haldnar í Svíþjóð. Allar aðstæður þar bjóða greinilega upp á góðar buðir enn og aftur.



Karl og Margrét héldu upp á stórafmælið saman.

Afmælisgjafir framlög til Neistans

Karl Roth, fyrrum varaformaður Neistans og kona hans Margrét Kristjánsdóttir, foreldrar hjartastelpunnar Heklu, fögnuðu saman sextugsafmælum sínum í ár með góðri veislu fyrir vandamenn og vini. Boðskortinu fylgdi sú ósk til gestanna að í stað gjafa til þeirra hjóna létu þeir peninga í sérstakan söfunarbauk sem ánaðnaður var Neistanum. Upp úr bauknum komu svo um 300 þúsund krónur!



Guðmundur Marteinnsson frá Bónus færði Elínu formanni styrkinn.

Milljón frá Bónus

Bónus veitti á árinu Neistanum veglegan styrk að upphæð kr. 1.000.000. Hjartans þakkir fyrir stuðninginn!

Fjárstyrkur frá Lionsklúbbi Reykjavíkur

Lionsklúbbur Reykjavíkur færði Neistanum veglegan fjárstyrk að gjöf. Hjartans þakkir!



Lionsfélagar afhentu Fríðu Björk framkvæmdastjóra styrkinn.



Fríða Björk framkvæmdastjóri tók við styrknum úr höndum ritstjóra bókarinnar prófessoranna Guðmundar Þorgeirssonar og Tómasar Guðbjartssonar.

Höfundar Kransæðabókar styrkja Neistann

Höfundar Kransæðabókarinnar veittu í haust Neistanum 500 þúsund króna fjárstyrk. Forsagan var sú að í sumar ákvað Guðbjörg Ingvarsdóttir gullsmiður og eigandi Aurum að gefa kvenhöfundum bókarinnar hálsmen með gullhjarta sem hannað var af Siggju Heimis hönnuði. Sem þakklætisvott ákváðu aðstandendur bókarinnar að afhenda Neistanum 500 þúsund króna styrk en Aurum hefur áður stutt veglega við bakið á samtökunum.

Kransæðabókin kom út fyrir tæplega ári síðan og hafa móttökur verið það góðar að prenta varð annað upplag síðastliðinn vetur. Hagnaður af sölu bókarinnar er nýttur til að styðja við rannsóknir á hjartasjúkdómum og til góðgerðarmála. Kransæðabókin er enn fánleg í Lyfjaveri við Suðurlandsbraut og Bóksölu stúdenta en einnig er hægt að panta eintak með því að senda tölvupósta á gunnhild@landspitali.is.



Móey María og Margrét Júlía meistarabakarar með Elínu formanni.

Flottur kökubasar

Vinkonurnar Móey María og Margrét Júlía í 10. bekk í Salaskóla söfnuðu peningum fyrir Neistann með kökubasar þar sem þær tóku niður pantanir, bökudu og seldu kökur fyrir 81.668 krónur! Þetta var liður í þemaverkefni í skólanum þeirra og Kornax og Katla styrktu þær í bakstrinum sem nýttist þeim vel í þessu verkefni.

Við sendum þessum metnaðarfullu og flottu stelpum hjartans þakki fyrir styrkinn.

NEISTINN ÞAKKAR FYRIR STUÐNINGINN

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
Admon ehf
Aðalvík ehf
Afl - Múr ehf
Apparat ehf
Arctic Trucks Ísland ehf
ARGOS ehf, Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Álnabær ehf, verslun
Áltak ehf
Árbæjarapótek ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
ÁTVR Vínubúðir
B. Ingvarsson ehf
Balance ehf
Barnalæknaþjónustan ehf
Barnatannlæknastofan ehf
Bella Donna ehf - verslun
Ber ehf, vínheildsala
Berserkir ehf
Betra líf ehf
BG heildverslun ehf
BílaGlerið ehf
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bjarnar ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðja Reykjavíkur
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómagallerí ehf
Body Shop
Boozt bar
Borgar Apótek
Borgarpylsur
Bókhaldsstofa
Arnar Ingólfssonar ehf
Bólstrarinn ehf
Bón og þvottastöðin ehf

Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brúskur hársnyrtistofa
- s: 587 7900
Brynja, Hússjóður
Öryrkjabandalagsins
Curvy.is tískuverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Dómkirkjan í Reykjavík
Drafnarfell ehf
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlun ehf
Eimskip Ísland ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
Ergo fjármögnunarþjónusta
Íslandsbanka
Ernst & Young ehf
Fasteignakaup ehf
Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga
Fjallamenn-Mountaineers of
Iceland
Fjárhald ehf
Fljótavík ehf
Frakt Flutningsmiðlun ehf
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Fríkirkjan í Reykjavík
Fulltingi slf
G.Á. verktakar sf
Gallerí Fold
Garðmenn ehf
Garðs Apótek ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geiri ehf, umboðs- og
heildverslun
Geislar Hönnunarhús ehf
Gilbert úrsmiður
- www.jswatch.com
Gjögur hf
Gólfagnir ehf

Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun
www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullöldin ehf
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf
Hagi ehf-Hilti
Hamborgarabúlla Tómasar - Við
erum öll jöfn
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf
Hármíðstöðin
Hársnyrtistofan Aida
Helgason og Co ehf
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá Guðjón Ó ehf
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan
Hollt og gott ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hreinsitækni ehf
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
IBH ehf
Isavia
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslandsstofa
Ísmar ehf
Ísold ehf
J. S. Gunnarsson hf
Járn og gler ehf
Jöfur fasteignasala, leigumiðlun
K. H. G. Þjónustan ehf
Kanon arkitektar hf
Kemía sf
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf

Klettur - Skipaafgreiðla ehf
Klipphúsið ehf
KOM almannatengsl
Lagnalagerinn ehf
Landsbréf hf
Landsnet hf - www.landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Láshúsið ehf
Le Bistro
- franskur bistro & vínbar
Lifandi vísindi
Lindin, kristilegt útvarg
Litamálan ehf
Litla jólabúðin
Lyfjaver ehf
Læknasetrið ehf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögskil ehf
Löndun ehf
Magnús og Steingrímur ehf
Markó partners ehf
Martec ehf
Matborðið ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Merlo Seafood
Miðbæjarradíó ehf
Mobilitus ehf
Múrameistarafélag Reykjavíkur
Myconceptstore
Möggurnar í Mjódd ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Opin kerfi ehf
Orka ehf
Ortis tannréttingar slf
Ostabúðin
Ottó auglýsingastofa ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Hans Grétarsson
- tannlæknir
Ósal ehf



REYKJAVÍKURMARAFON: Þátttökumet enn og aftur

Reykjavíkumaraþonið er svo sannarlega búið að festa sig í sessi sem einn af stóru árlegu viðburðum Neistans og ekki síst einn af þeim skemmtilegri. Þann 19. ágúst sprettu úr spori hvorki fleiri né færri en 188 einstaklingar fyrir félagið. Í ár söfnuðust 3,3 milljónir fyrir Neistann en Steindi Jr. og félagar úr slökkviliðinu, kjarnamenn- og konur, vöktu mikla athygli og ekki síst lukku í Neistabolum þetta árið. Hvatningarstöðin var á sínum stað með orkubita og heitt kakó á brúsa og stemningin var mögnuð. Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn og það er ekki seinna vænna en að fara að reima á sig hlaupaskóna fyrir árið 2018!



HLAUPANDI OG HJÓLANDI BRUNAVERÐIR

Brunavarðafélag Reykjavíkur og Neistinn héldust þétt í hendur síðastliðið sumar. Hjólandi í WOW cyclothoni og hlaupandi í Reykjavíkumaraþoni hafa brunaverðir glatt okkur með því að vekja athygli á Neistanum og afrakstur þessa var styrkur upp á 500 þúsund krónur.

„Við höfum undanfarin ár tengt þátttöku í Reykjavíkumaraþoninu við eitthvert gott málefni“ segir Ágúst Guðmundsson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður og talsmaður hópsins. „Hjólástólarnir sem við höfum hlaupið með frá 2006 eru gott dæmi um velheppnað verkefni og ég sé ekki fram á að því ljúki neitt á næstu árum. Þetta árið var Neistinn okkur sérstaklega ofarlega í huga þar sem við tengdum hann bæði við maraþonið og einnig WOW cyclothonið. Við völdum Neistann einfaldlega af því starfsemi hans snertir mannlega flötinn í okkur öllum meira en margt annað. Velferð barna er okkur alltaf ofarlega í huga. Þetta tengist augljóslega einnig stórum þætti í störfum slökkviliðsins sem eru sjúkraflutningarnir. Samstarfið við Neistann var sérlega ánægjulegt og er ég viss um að okkar leiðir eigi eftir að liggja saman aftur í framtíðinni.“



Helga Krístrún Unnarsdóttir og Jónína Sigríður Grímsdóttir:

BJÖRGVIN UNNAR - FYRSTU 22 MÁNUÐIRNIR, STUTTA ÚTGÁFAN

Björgvin Unnar fæddist 10. nóvember 2014 og var sóttur í fyrirfram ákveðnum keisara. Hann fæddist mjög veikur með þindarslit og op á milli slegla og gátta í hjarta (VSD og ASD).

Á fyrstu dögnum náðu lækarnir ekki tökum á lungnaháþrýsingnum og þurfti hann því að fara 5 daga gamall til Stokkhólms í ECMO (hjarta- og lungnavél). Hann var tengdur henni í 3 vikur sem telst mjög langur tími. Hann fór í þindarslitsaðgerð 8 daga gamall. Hann komst fyrst í fangið okkar foreldrana mánaðar gamall.

Hann kom heim til Íslands korter í jól eftir 5 vikur í Stokkhólmi og þurfti svo að fara í aðra þindarslitsaðgerð stuttu eftir áramót, því ekki tókst að taka hann úr öndunarfél. Eftir hana losnaði hann úr öndunarfélinni og gat notast við CPAP og seinna highflow öndunarstuðning.

Hann var á Vökudeild til 5 mánaða aldurs en þá fór hann með sjúkraflugi til Boston. Þar fór hann í opna hjartaaðgerð til að laga opið á milli sleglanna, en þar kom í ljós að opin voru mörg og misstór. Gatið á milli gátta lokaðist af sjálfu sér þegar hjartað var búið að ná sér eftir opnu hjartaaðgerðina og þegar lungnaháþrýsingurinn minnkaði. Eftir þá aðgerð gekk ekki að ná honum úr öndunarfélinni og var þá tekin ákvörðun um að setja í hann trach (túpu í hálsinn). Sjö mánaða gamall hætti hann að þurfa öndunarfél á daginn og gat einnig sofði um nætur án hennar.



Björgvin Unnar á Boston Children's hospital eftir opnu hjartaaðgerðina 1. apríl 2015.



Björgvin Unnar þriggja daga gamall á vökudeild.

Smá bakslag kom um 11 mánaða aldur þegar hann fékk svæsna lungnabólgu út frá Rhino-veiru sem flestir fá. Síðan þá hefur hann verið í öndunarfélinni allan daginn og á nóttinni.

Fimmtán mánaða fór hann aftur til Boston til þess að meta öndunarveginn og fá ráðleggingar um hvernig hægt væri að venja hann af öndunarfélinni og að lokum af túpunni. Í þessari ferð kom í ljós að hann kastaði of mikið upp og að ælurnar viðhéldu lélegu ástandi lungnanna. Var því ákveðið að hann færi í nissen-aðgerð og magaopið þrengt. Eftir þá aðgerð hættu ælurnar og ástand lungnanna batnaði til muna. Einnig var stillingum á öndunarfélinni breytt. Eftir þessar breytingar hætti hann að þurfa aukasúrefni og gat farið að æfa sig í að vera á rakanefi og talventli. Einnig kom í ljós að það er upb 90% þrenging fyrir ofan túpuna (og neðan raddböndin) sem hamlar því að hann geti andað sjálfur í gegnum munn og nef. Vegna þrengingarinnar er mikilvægt að passa að túpan sé alltaf í stómanu og að hún sé hrein og óstífluð. Hann er tengdur við öndunarfélina allan sólarhringinn.

Þannig var ástandið þegar við fengum fyrst að fara með Björgvin Unnar heim þann 6. september 2016.



Bjartar vonir

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson


Núna rúmu ári eftir útskriftina af Barnaspítalanum hitti Neistinn foreldra Björgvins Unnars, þær Helgu Krístrúnu Unnarsdóttur og Jónínu Sigríði Grímsdóttur, á heimili þeirra á Völlum í Hafnarfirði til að forvitnast um hvernig þeim og drengnum hefði vegnað síðan. Björgvin Unnar var í leikskólanum.

Jónína: Það er mjög skrítið að hugsa núna til þess að við vorum með Björgvin Unnar á sjúkrahúsum fyrstu 22 mánuði ævi hans. Eftir að hafa verið heima með hann í rúmt ár er það orðinn veruleiki okkar og allur tíminn á þar á undan virkar eitthvað svo óraunverulegur. Ég meina, hvernig gátum við þetta? Árið okkar heima hefur líka gengið miklu betur en við þorðum að vona. Hann hefur tvisvar sinnum þurft að leggjast inn, önnur innlögnin tvær nætur, hin sjö nætur, sem okkur þykir ekki mikið. Hann hefur líka náð að verða veikur án þess að þurfa að leggjast inn. En við höfðum búist við því að verða meira og minna með annan fótinn á Barnaspítalanum þótt við hefðum útskrifast.

Helga: Við segjum alltaf við af því við vorum báðar alltaf með honum þann tíma sem hann var á spítalanum. Núna er hann á leikskólanum Hjalla í norðurbænum hér í Hafnarfirði og nýtur þess alveg í botn, en utan skólans fer hann í sjúkra- og iðjuþjálfun tvisvar í viku.

Jónína: Þegar Björgvin Unnar vaknar á morgnana og sér leikskólafötin er naumast hægt að klæða hann í þau af því hann er svo spennur fyrir að fara í skólann. Hann má líka varla vera að því að kveðja okkur þegar við mætum með hann, heldur rýkur beint inn á deild til að hitta vini sína og væri oft til í að vera þar lengur þegar við sækjum hann síðdegis.

Hann er svo mikil félagsvera og finnst algjört æði að vera með krökkunum á leikskólanum.



Hvernig stendur hann í þroska miðað við önnur börn á sama aldri?

Helga: Hann er töluvert á eftir í þroskaogstórhlutiafþroskaskerðingunni stafar af reynsluleysi vegna þess að hann var lokaður inni í sjúkrastofu í tvö ár. Það er svo margt sem hann lærði ekki á þessum tveimur fyrstu árum sínum sem flest önnur börn gera. Auk þess var hann fyrstu sjö átta mánuðina á morfínskyldum lyfjum og þannig í rauninni lyfjaður niður og lítið með í því sem var að gerast í kringum hann. Hann hefur tvisvar sinnum farið í gegnum fráhrarfsmeðferðir af morfinlyfjunum,

bara eins og eiturlyfjafíkill, og hvor þeirra tók marga mánuði.

Jónína: Hann missti þannig af mörgum mánuðum bæði í líkamlegum og andlegum þroska. Hann er mest eftir á í grófhreyfiproska og félagsþroska. Hann byrjaði til dæmis að ganga 26 mánaða, eða fjórum mánuðum eftir að við komum hingað heim. Samkvæmt greiningu á Greiningarstöðinni í vor er hann um sjö mánuðum á eftir jafnöldrum sínum í alhliða þroska. En það má segja að hann að þroskist eðlilega á sínum eigin hraða, sem er meira en við höfum þorað að vona af því hann hefur svo oft verið við það að deyja úr súrefnisskortri.

Hvernig er málskilningur hans?

Helga: Málskilningur hans er finn, hann er ekki svo mikið á eftir hvað það varðar en vantar töluvert upp á í máltjáningu miðað við jafnaldrana. Hann notar tákni með tali sér til aðstoðar en ætti með tímanum og markkvissri þjálfun að ná góðri færni í að tala.

Tekur hann enn þá mikið af lyfjum?

Helga: Já, hann er á miklum lyfjum. Þau snúa aðallega að lungunum og maganum, meltingunni. Hann er ekki á neinum hjartalýfjum, enda telst hjartað fullviðgert. Aðalvesenið eru lungun, hann notar öndunartúpu á hálsinum og er ávallt með öndunarvél meðferðis sem hann notar alltaf þegar hann sefur og eftir þörfum á daginn. Í sumar tók



Björgvin Unnar

hann miklum framförum og náði að losa sig að mestu við öndunarvélina á daginn og er því ekki lengur stöðugt með „ryksuguna“ eins og við köllum hana í eftirdragi.

Jónína: Hann hefur í rauninni aldrei verið ósáttur við öndunarvélina en finnst samt gott að þurfa ekki að nota hana stöðugt, því hún hamlar svo athafnafrelsi hans eins og við að príla og klifra sem hann elskar að gera. Lungun tóku sem sé hressilega við sér í sumar þannig að hann losnaði við vélina en hann andar mest í gegnum túpuna á hálsinum, sem kallast track air stoma á ensku en barkarena á íslensku. Og þetta þýðir að hann fær að borða gegnum magasondu.

Helga: Hann gæti alveg andað sjálfur en ætti þá erfitt með að halda lungunum vel opnum, enda eiga þau eftir að þroskast betur og styrkjast. En vonir standa til þess að hann losni alveg við barkarennuna á næstu fjórum árum eða svo.

Jónína: Já, það er nokkuð raunhæft miðað við stöðuna í dag. Það gæti tekið lengri tíma, en ég held að það verði ekki styttra.

Helga: Í vor vorum við að horfa til sex eða sjö ára, en núna erum við komnar niður í þrjú til fjögur ár, þannig að þetta getur breyst mjög snögglega.

Jónína: Það má segja að samband hans og okkar við túpuna sé eins konar ástar- og haturssamband. Við vorum mjög hræddar við hana þegar hann fékk hana fyrst. Þetta er svo mikið inngríp og túpan kallar á svo mikla umönnun. Bæði þarf stöðugt að hreinsa hana og gæta þess að hún haldist alveg á réttum stað. Þetta er ekki nema fjögurra millimetra gat sem hann andar í gegnum. Hann fær auðvitað kvæf eins og aðrir og þegar hann

hóstar getur túpan fyllt af slími eða hún færst úr stað. Það þarf því alltaf af vera sogtæki og varatúpa til taks þegar slíkir hlutir gerast.

Hefur það gerst oft eftir að hann útskrifaðist?

Jónína: Já, við flokkum túpuskipti annars vegar í reglubundnar skiptingar og hins vegar bráðaskiptingar. Þær síðarnefndu gerast þegar túpan fyllist af slími og hann nær ekki lengur að anda. Þetta kallar á stöðugt eftirlit og þess vegna erum við alltaf með starfsmann hjá okkur, vakandi vagt inni hjá honum á nóttinni og einnig tæknimann sem er með honum á leikskólanum og gætir þess að túpan sé alltaf í lagi og sér um næringuna í gegnum magasonduna. Þetta eru helstu atriðin sem fylgjast þarf með þangað til hann nær sér að fullu.

Margt öðruvísi við að koma fyrst heim eftir fæðingu tveimur árum seinna ...

Helga: Já, við upplifðum þetta mikið eins og að fá allt í einu tveggja ára barn upp í hendurnar. Á spítalanum höfðum við ekki alltaf lokaorðið um hans umönnun og við vorum þar í mjög vernduðu umhverfi, alltaf einhver til taks þegar spurningar vöknudu um hvernig best væri að gera hitt og þetta.

Jónína: Heimili okkar hafði bara verið eins og einhver sumarbústaður fyrir okkur. Við rétt komum heim eina nótt í mánuði eða svo, annars vorum við alltaf hjá honum. Hann var líka svo brothættur þessi fyrstu tvö árin, svo oft sem þurfti bókstaflega að bjarga lífi hans, t.d. ef túpan hrökk upp úr honum þá missti hann meðvitund á innan við mínútu. Maður þurfti alltaf að hafa augun á honum.

Helga: Svo þegar við komum heim þurftum við allt í einu að læra að ala upp tveggja ára gamalt barn. Gátum ekki lengur bara ytt á bjöllu þegar eitthvað kom upp á og fengið til okkar þrautþjálfaðan hjúkrunarfræðing á nokkrum sekúndum. Við vöndumst sem sé ekki nýfæddu barninu og lærðum smátt og smátt að annast það sjálfar eins og flestir foreldrar gera.

Jónína: Við stóðum bara skyndilega uppi með tveggja ára gamlan krakka með sínar ákveðnu skoðanir um hvernig hann vildi hafa hlutina. Til að byrja með vildi hann heldur ekkert vera hérna, heimilið var spítalinn og þegar við fórum með hann í lækni- og skoðanir fyrstu mánuðina varð hann alltaf yfir sig glaður að vera kominn þangað aftur og hitta allar vinkonur og vini sína aftur, allt starfsfólkið þar var eins og fjölskyldan hans. Núna er hann samt orðinn mjög sáttur og ánægður með heimilið okkar hérna í Hafnarfirðinum.

Er Björgvin Unnar einstakt tilfelli hér á landi eða eru önnur börn með svípaða sögu og hann?

Jónína: Þangað til fyrir um ári var hann eina barnið sem lifði með svona túpu. Svo fékk annar strákur túpu í fyrra en hann er látinn núna. Þau tilfelli sem við höfum kynnt okkar sjálfar eru börn sem hafa orðið algerlega háð öndunarfélum og fengið túpu til að lengja lífið eitthvað, en Björgvin Unnar er held ég mjög einstakt tilfelli um barn sem er fullfrískt með öndunarfél og hlaupandi um allt. Þau sem sjá um öndunarfélarnar á Landspítalanum segjast heldur ekki vön að vera með þannig skjólstæðing.

Helga: Það er heldur ekki algengt erlendis að einstaklingar með öndunarfél eins og hann séu svona aktívir. Þetta er þó þekkt í Bandaríkjunum, þar sem gripið er miklu fyrr en annars staðar til þess ráðs að gera þessa aðgerð á börnum. Björgvin Unnar fór líka í sína aðgerð þar, lækarnir sáu að hann gat ekki verið án öndunarfél og þá var hann barkaþræddur og fékk túpuna. Við það var líka hægt að minnka við hann lyfjagjöfina. Túpan hefur þannig fært honum þessi lífsgæði og bjartari vonir um framtíðina.

Hvað með ábrif alls þessa á ykkur? Hvað gerir þið núna þegar hann er kominn í leikskóla á daginn?

Jónína: Ég er í veikindaleyfi. Ég byrjaði að vinna aftur í 50% starfi sem þjónustufulltrúi hjá fjarskiptafyrirtæki, sem er geiri sem ég hafði unnið við í tíu ár. En þessi vinna ofan á allt álagið hér heima – og allt undangengið álag – var of mikið og ég brann hreinlega yfir í maí síðastliðnum. Ég greindist með alvarlegt migreni og kviða og hef verið óvinnufær síðan. Ég er hjá Virk starfsendurhæfingu, fæ sálfræðiráðgjöf, tek einhvern lyfjakokteil og er bara að vinna í mínum málum.

Helga: Það vill oft gleymast í svona tilfellum alvarlega langveikra barna að sinna foreldrunum. Kerfið gerir ekki ráð fyrir að foreldrar þurfi líka aðlögun til að komast aftur út í lífið eftir svona langan tíma við rúmstokk barnsins. Sjálf hef ég verið heimavinnandi, sé um allt sem viðkemur umönnun



Björgvin Unnar í leikskólanum 26. september 2017.

Björgvins Unnars hér heima. Það er ekki hægt að treysta á að hann komist reglulega á leikskólann eins og aðrir krakkar. Það er eiginlega þrennt sem þarf til þess: hann þarf að vera hress og ekki veikur, starfsmaðurinn þarf að vera hress og ekki veikur og börn starfsmannsins þurfa að vera hress og ekki veik. Við höfum oft lent í því að Björgvin Unnar sé hress en starfsmaðurinn eða börn hennar ekki hress. Já, og við höfum líka lent í því að starfsmaðurinn hefur ekki komist vegna þess að dagamma barna hennar hefur verið veik! Leikskólinn getur ekki tekið við honum án starfsmannsins. Af einhverjum þessara ástæðna náði hann bara að mæta í eina heila viku allan síðastliðinn vetur.

